

## AUGLÝSING um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 150. löggjafarþings, frá 16. desember 2019 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 20. janúar 2020.

*Gjört í Reykjavík, 13. desember 2019.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

---

*Katrín Jakobsdóttir.*“

Alþingi samþykkti hinn 17. desember 2019 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 150. löggjafarþings, frestað hinn 17. desember 2019.

*Forsætisráðuneytinu, 18. desember 2019.*

F. h. r.  
**Ágúst Geir Ágústsson.**

---

*Anna Elísabeth Gísladóttir.*